

# Vegna tillögu til þingsályktunar

## um myndlistarnám fyrir börn og unglunga.

Mikilvægi listnáms má ekki vanmeta. Í sjálfu sér er það ákveðin tegund sjálfsræktar og leið til þroska, víðsýni og skapandi nálgunar á úrlausnir mála. Sem aldei fyrr hefur samfélagið þörf fyrir einstaklinga sem búa yfir þeim hæfileikum í ríku mæli. Einstaklingum sem sprengja út hugmyndir, leita leiða til að takast á við viðfangsefni sín á skapandi hátt, spegla samtíma og samfélag í gegnum list sína. Slíkt auðgar bæði okkar eigin samfélag og ber hróður lands og þjóðar út fyrir landsteinana. Það er löngu orðið ljóst og óumdeilt að gróskumikið starf tónlistarskólanna undanfarna áratugi hefur skilað sér í afburða tónlistarfólki en ekki síður því sem ekki má vanmeta; mikilli almennri þátttöku í tónlist, tónlistarsköpun og tónlistarflutningi. Slíkt auðgar bæði líf einstaklinga og samfélagsins alls.

Framboð á myndlistarmenntun utan skólakerfis hefur verið takmarkað og það er reynsla okkar hér í Ljósmyndaskólanum að nemendur hafa ekki eins mikinn bakgrunn í listnámi og æskilegt væri fyrir nám á framhalds-/háskólastigi. Vegna lítils undirbúnings getur það tekið nemendur á á þessu námsstigi talsverðan tíma að byggja upp grunn í sjónlistum, þroska hugsun og vinnubrögð sem nauðsynleg eru til þess að skapa myndverk og að takast á við listsköpun. Ólíkt tónlistarskólanemum, sem hafa langt nám að baki þegar þeir fara í framhaldsnám eru nemendur í sjónlistum nánast á byrjunarreit. Gildi þess að tileinka sér grunnþætti myndlistar og þekkingar á sjónlistum á unga aldri er ótvítætt mikilvægt fyrir árangur í framhaldsnámi í listum. Listnám barna og unglunga er einnig einkar mikilvægur kostur fyrir þann mikla fjölda einstaklinga sem eru lesblindir, með athyglisbrest eða aðra eiginleika sem hamlað geta hefðbundnu bóknámi. Þeir einstaklingar hafa mjög oft sterka sjónræna skynjun og sannarlega skortir á tækifæri fyrir þá til að þroska hæfileika sína. Það er viðurkennd staðreynd að mikilvægt er að fást við verkefni sem henta hverjum einstaklingi, verkefnum sem felast í því að þroska styrkleika hvers og eins. Það að finna sig í viðfangsefnum sínum byggir upp einstaklinga, stuðlar að sterkri sjálfsmynd þeirra, virkni og er í raun grunnurinn að farsæld.

Mikilvægt er því að stjórnvöld bregðist við og stuðli að auknu aðgengi að myndlistarmenntun fyrir börn og unglunga.

Reykjavík 12. mars 2020.

  
Sigurborg Rögnvaldsdóttir,

verkefnastjóri kennslu og skólaþróunar í Ljósmyndaskólanum

